

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi.

1. gr.

Waldorfleikskólinn Sólstafir, kt. 430694-2199, er sjálfseignarstofnun með aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru M. Helga Óskarsdóttir, kt. 210858-3189, Snorri Traustason, kt. 011262-7249 og Lárus Christensen, kt. 110565-3489.

3. gr.

Sjálfseignarstofnunin starfar eftir lögum um leik- og grunnskóla og er tilgangur hennar rekstur leik- og grunnskóla og að beita skólafélagi Waldorf uppeldisstefnunnar til að ná markmiðum laganna með áherslu á listir, sköpun, æskuna og menntun.

4. gr.

Heimilisfang Waldorfleikskólans Sólstafa, leik- og grunnskóladeildar, er í sveitarfélaginu Reykjavík.

5. gr.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar var við stofnun, 14. september 1994, kr. 441.000 og er það í vörslu stjórnar. Stofnframlagið er óheimilt að skerða.

6. gr.

Stjórn skólans er æðsta vald stofnunarinnar og skal sjá til þess að skólinn sé rekinn í samræmi við lög um leik- og grunnskóla í anda Waldorf skólafélags.

Stjórn skólans er skipuð fjórum mönnum. Þrjú stjórnarmenn skulu vera kennarar eða starfsmenn við skólann með menntun í Waldorf skólafélaginu og einn stjórnarmaður skal vera núverandi eða fyrirverandi foreldri við skólann. Stjórnin skiptir með sér verkum. Við lok skipunartíma skal fráfarandi stjórn kjósa nýja.

Stjórn hefur umsjón með fjárreiðum stofnunarinnar og fulltrúaráð sér um samræmingu á milli stofnana í sameiginlegum verkefnum.

7. gr.

Fulltrúaráð skólans er skipað af fagmenntuðum kennurum skólans, tveir úr hverri starfsstöð skólans, að lágmarki sex og hámarki átta.

Kennarafundir á hverri starfsstöð velja fulltrúa í fulltrúaráð skólans í lok skólaárs.

Fulltrúaráð skólans skal velja aðila með fullnægjandi menntun og þekkingu á Waldorf skólafélaginu til að gegna stöðu skólafélags þeirra leik- og grunnskóla sem reknir eru á vegum stofnunarinnar. Fastráðnir kennarar velja kennara og annað starfsfólk skólans en ráðningar skulu staðfestar af fulltrúaráði. Ráðningar og brottrekstur starfsmanna skal staðfestur af stjórn.

Hver grunn- og leikskólaeining er leidd af faglærðum kennurum í anda Waldorf skólafélags. Í hverri starfseiningu skulu haldnir starfsmannafundir á minnst mánaðarfresti.

Á starfsmannafundum eru teknar ákvarðanir sem varða eigin málefni innan þeirra marka sem felast í lagalegum skyldum og innan þess uppeldislega og fjárhagslega ramma sem settur er starfseminni í samræmi við Waldorf skólafélagið.

Kennarar frá hverri starfsstöð taka þátt í starfi fulltrúaráðs skólans.

Fulltrúaráðið er ráðgefandi við stjórn.

8. gr.

Stjórnendur skólans ákveða fjölda nemenda. Kennari ákveður skipan bekkjar ef fjöldi umsókna er meiri en sá fjöldi nemenda sem ákveðinn hefur verið.

9. gr.

Skólafundir, þar sem foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skólans mætir, skulu haldnir hið minnsta í upphafi hvers skólaárs. Hver kennari er ábyrgður fyrir foreldrastarfi í sínum bekk og skal haldinn a.m.k. einn foreldrafundur á hverri önn.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár og veita álit á þeim með áritun. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna.

11. gr.

Fjár til starfsemi stofnunarinnar skal aflað með eftirfarandi hætti:

- a) Með innheimtu skólagjalda.
- b) Með styrkjum, stuðningi og framlögum sem skólanum hlotnast frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.
- c) Með opinberum styrkjum og framlögum.

Fjárframlög opinberra aðila skulu einvörðungu nýtt í þágu skólastarfsins.

12. gr.

Daglegar fjárreiður skólans og almennur rekstur eru í höndum fjársýslunefndar sem skipuð er einum stjórnarmanni og einum kennara. Stjórn skólans velur fjársýslunefnd skólans.

13. gr.

Stjórn skólans ákveður skólagjöld og greiðslumáta þeirra. Það markmið skal haft að leiðarljósi að enginn nemandi þurfi að hverfa frá námi við skólann einungis vegna skólagjalda.

14. gr.

Til breytinga á skipulagsskrá þessari þarf samþykki a.m.k. þriggja stjórnarmanna. Til að leggja niður stofnunina þarf samþykki allra stjórnarmanna. Slíkt skal borið undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

15. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar varið til eflingar Waldorf skólastefnunnar samkvæmt markmiðum skipulagsskrár þessarar.

16. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari. Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 517/1994.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 16. ágúst 2019,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.